



Mánaðamót

2. maí 2025

Greiningardeild Landsbankans

Markaðsdagatal – maí 2025

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
			1	2 Atvinnuleysi í Bandaríkjunum Verðbólga á evrusvæðinu
5	6	7 Arion, Kvika og Sýn birta uppgjör Vaxtaákv. hjá Seðlabanka Bandaríkjanna	8 Alvotech, Eik og Íslandsbanki birta uppgjör Vaxtaákvörðun hjá Englandsbanka	9 Brottfarir um Keflavíkurfl. í apríl (FMST) Skráð atvinnuleysi í apríl (VMST)
12 Heimar birta afkomutilkynningu Verðbólga í Bandaríkjunum	13 Eimskip birtir uppgjör	14 Væntingakönnun markaðsaðila (SÍ) Amaroq birtir uppgjör	15 Reitir og Sjóvá birta uppgjör	16 Greiðslumiðlun í apríl (SÍ)
19	20 Vísitala íbúðaverðs í apríl (HMS)	21 Vaxtaákvörðun (SÍ) <i>Peningamál</i> (SÍ) Vísitala leiguverðs í apríl (HMS) Verðbólga í Bretlandi	22 Mánaðarskýrsla Hagdeildar (HMS) Vísitala launa í apríl (HAG) Síldarvinnslan birtir uppgjör	23
26	27 Vöru- og þjónustuviðskipti á 1F (HAG) Brim og Ísfélagið birta uppgjör	28 Vísitala neysluverðs í maí (HAG) Gistinætur í apríl (HAG) Hampiðjan birtir uppgjör	29	30 Þjóðhagsreikningar fyrir 1F (HAG)




Verðbólga

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,93% á milli mánaða í apríl og ársverðbólgan jókst úr 3,8% í 4,2%, nokkuð umfram okkar spá um 4,0% verðbólgu. Verðbólga er komin aftur upp fyrir efri vikmörk verðból gumarkmiðs SÍ eftir að hafa verið undir þeim í einn mánuð. Verðbólga án húsnæðis jókst í apríl og það sama má segja um árshækkun allra þriggja kjarnavísitalnanna, sem gæti bent til þess að undirliggjandi verðbólguþrýstingur hafi aukist.


Vísitala neysluverðs

Breyting milli ára



Nýjasta mæling, fyrir mánuði og fyrir ári síðan


Breyting milli ára



Breyting VNV á milli mánaða


Það sem kom helst á óvart í aprílmælingunni var meiri hækkun á reiknaðri húsaleigu en við spáðum. Liðurinn hækkaði um 1,1% en ekki 0,5% eins og við höfðum spáð. Verð á mat og drykkjarvörum hækkaði einnig meira en við gerðum ráð fyrir, eða um 0,8%. Verð á fötum og skóm hækkaði minna en við höfðum spáð og athygli vekur að verð á fötum og skóm er enn lægra en það var fyrir janúarútsölurnar.

Framlag undirliða í apríl



Aprílmælingar VNV

Breyting milli mánaða ásamt framlagi undirliða




Samsetning ársverðbólgu


Hækkun á verðbólgu í apríl skýrist að stærstum hluta af auknu framlagi innfluttra vara. Engin ein innflutt vörutegund skýrir stærstan hluta aukins framlags heldur virðist hækkunin nokkuð almenn. Framlag flugfargjalda til ársverðbólgu jókst einnig nokkuð, en það skýrist af því að páskahækkunin í fyrra dreifðist á tvo mánuði en í ár kom hún öll fram í apríl, enda var framlag flugfargjalda til lækkunar á ársverðbólgu í síðasta mánuði. Framlag reiknaðrar húsaleigu til ársverðbólgu minnkaði vegna þess að reiknuð húsaleiga hækkaði minna en í apríl í fyrra. Liðurinn hækkaði nú um 1,1% en um 1,7% í apríl í fyrra.

Verðbólga eftir eðli og uppruna

Breyting milli ára ásamt framlagi undirliða



Breyting á samsetningu ársverðbólgu




1) Innfluttar vörur án bensíns. 2) Almenn þjónusta án flugfargjalda til útlanda. 3) Húsnæði án reiknaðrar húsaleigu.

Horfur næstu mánuði

Við gerum nú ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækki um 0,33% í maí, 0,51% í júní og 0,19% í júlí. Gangi spáin eftir verður ársverðbólga 3,9% í maí og júní og 3,7% í júlí. Spáin nú er aðeins hærri en sú sem við birtum í verðkönnunarvikunni í apríl þar sem við gerðum ráð fyrir 3,7% verðbólgu í maí og júní og 3,4% í júlí. Munurinn á spánum skýrist að mestu af því að aprílmælingin var hærri en við bjuggumst við.


Verðbólguþspá

Breyting milli mánaða ásamt framlagi undirliða



Verðbólguþspá

Ársverðbólga






Stýrivextir

Peningastefnunefnd tilkynnir um vaxtaákvörðun þann 21. maí, en stýrivextir standa nú í 7,75%. Raunstýrivextir miðað við liðna verðbólgu eru nú þeir sömu og eftir síðustu vaxtaákvörðun. Neysla landsmanna hefur haldið áfram að aukast og húsnæðisverð að hækka, auk þess sem verðbólguvæntingar hafa ekki gefið eftir á síðustu mánuðum. Að svo stöddu virðast líkur á vaxtalækkun í maí þverrandi.

Vaxtaákvörðanir peningastefnunefndar


Dags.	Lagt til	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Niðurstaða	Meginvextir
8. feb. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS		HS (+0,75%)	+0,50%	6,50%
22. mar. 2023	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP, HS			+1,00%	7,50%
24. maí 2023	+1,25%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+1,00%)		+1,25%	8,75%
23. ágú. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+0,25%)		+0,50%	9,25%
4. okt. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP	HS(+0,25%)	ÁÓP (+0,25%)	óbr.	9,25%
22. nóv. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP,HS			óbr.	9,25%
7. feb. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
20. mar. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
8. maí 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	AS (-0,25%)		óbr.	9,25%
21. ágú. 2024	óbr.	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			óbr.	9,25%
2. okt. 2024	-0,25%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS		HS (óbr.)	-0,25%	9,00%
20. nóv. 2024	-0,50%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			-0,50%	8,50%
5. feb. 2025	-0,50%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			-0,50%	8,00%
19. mar. 2025	-0,25%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			-0,25%	7,75%
21. maí 2025						
20. ágú. 2025						
8. okt. 2025						
19. nóv. 2025						

Meginvextir Seðlabanka Íslands



Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði


Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hækkaði í apríl og er 4,2% til tveggja ára, 4,0% til fimm ára og 3,9% til tíu ára. Verðbólguvæntingar hafa haldist tiltölulega stöðugar frá lokum síðasta árs og mjakast lítillega upp á við, þrátt fyrir að verðbólga hafi hjaðnað þó nokkuð. Telja má áhyggjuefni að verðbólguvæntingar hafi ekki verið á niðurleið samhliða hjöðnun verðbólgu síðustu mánuði. Eins og við var að búast jókst verðbólguálagið (til tveggja og fimm ára) lítillega þegar verðbólgutala aprílmánaðar reyndist umfram spár.




Raunstýrivextir

Meðaltal helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar hefur haldist nokkuð stöðugt rétt undir 4% síðan í nóvember í fyrra, þrátt fyrir að verðbólga hafi hjaðnað. Aðhald peningastefnu miðað við liðna verðbólgu hefur haldist nokkuð stöðugt síðustu mánuði, en ef miðað er við verðbólguvæntingar hefur slaknað á aðhaldinu.

Verðbólga og verðbólguvæntingar



Raunstýrivextir




Fasteignamarkaðurinn


Vísitala íbúðaverðs hækkaði um 0,36% á milli mánaða í mars. Árshækkun vísitölunnar lækkaði úr 8,4% í 8,0% og er áfram þó nokkuð umfram hækkun á almennu verðlagi. Hækkunin í mars var drifin áfram af sérbýli á höfuðborgarsvæðinu, sem hækkaði um 1,6%, en sérbýli á landsbyggðinni hækkaði lítið, eða um 0,1%. Fjölbýli á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu lækkaði í verði. Alls voru undirritaðir 1.049 kaupsamningar um íbúðarhúsnæði í mars. Samningum hefur fjölgað töluvert frá ársbyrjun og voru lítillega fleiri nú í mars en á sama tíma í fyrra, ef Grindavíkúráhrifin eru undanskilin.

Vísitala íbúðaverðs

Breyting milli ára




Undirritaðir kaupsamningar á landinu öllu




Velta skv. VSK-skýrslum

Á VSK-tímabilinu jan-feb jókst velta á milli ára að raunvirði eftir samdrátt á VSK-tímabilinu nóv-des 2024. Þrátt fyrir fækkun erlendra ferðamanna jókst velta í ferðaþjónustu. Aukin velta í framleiðslu málma á milli ára skýrist af hærra heimsmarkaðsverði á áli. Verulegur viðsnúningur var í veltu í sölu og viðhaldi á bifreiðum sem jókst á milli ára eftir mikinn samdrátt allt síðasta ár. Áfram má greina samdrátt í byggingu húsnæðis og í mannvirkjagerð, en velta í sérhæfðri byggingarstarfsemi jókst á milli ára. Velta í tækni- og hugverkaiðnaði dróst saman á milli ára sem skýrist af samdrætti í lyfjaframleiðslu og upplýsingaþjónustu (gagnavinnsla, hýsing, o.fl.).




Atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun var 4,2% í mars og hjaðnaði úr 4,3% frá því í febrúar. Atvinnuleysi var 0,4 prósentustigum meira en í sama mánuði árið áður, þriðja mánuðinn í röð. Þessi munur lá á bilinu 0,2-0,3 prósentustig seinni helming ársins 2024. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar var 3,7% mars.




Greiðslukortavelta íslenskra heimila

Alls nam greiðslukortavelta íslenskra heimila tæplega 112 mö.kr. í mars og jókst um 1,8% á milli ára, að teknu tilliti til verðlags og gengis. Líkt og síðustu mánuði var það kortavelta erlendis sem dreif áfram aukninguna á milli ára. Innanlands jókst kortaveltan aðeins um 1,0% á milli ára en erlendis jókst kortaveltan um 4,7%.



Hrein ný íbúðalán

Hrein ný íbúðalán viðskiptabankanna voru einungis 1,3 ma.kr. í mars. Hrein ný verðtryggð lán voru 11,0 ma.kr. en hrein uppgreiðsla á óverðtryggðum lánum var 9,3 ma.kr. Áfram hefur dregið úr hreinni nýrri lántöku, sem er alfarið á verðtryggðum lánum, og hrein uppgreiðsla er líka tiltölulega lítil.




Staðan í ferðaþjónustu

Rúmlega 148 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurflugvöll í mars, 13,8% færri en í mars í fyrra. Í ár hefur ferðamönnum fækkað alla mánuði ársins frá fyrra ári, um alls 8,7% það sem af er ári. Kortavelta erlendra ferðamanna hérlandis var 0,5% minni í mars en í mars í fyrra á föstu verðlagi en jókst um 0,1% á milli ára á föstu gengi. Kortaveltan minnkar mun minna en sem nemur fækkuninni og því má telja líklegt að ferðamenn dvelji að jafnaði lengur en á síðasta ári.


Uppsafnaður fjöldi ferðamanna

Þúsund manns




Þróun helstu mælikvarða

Breyting milli ára




Gengi krónunnar

Krónan veiktist á móti evru í apríl og kostaði í lok mánaðarins 145,9 í stað 142,7 í lok mars (+2,2%). Bandaríkjadalur hélt áfram að veikjast í apríl og kostaði í lok apríl 128,3 í stað 132,0 í lok mars (-2,8%). Verð á bandaríkjadal hefur lækkað um 10% frá því gjaldmiðillinn hóf að veikjast um miðjan febrúar og hefur hann ekki verið veikari síðan í júní 2022.



Gjaldeyrisinngrip Seðlabanka Íslands

Fyrr í mánuðinum tilkynnti SÍ að bankinn hefði ákveðið að hefja aftur regluleg gjaldeyriskaup á millibankamarkaði, 6 milljónir evra í hverri viku. Auk reglubundinna kaupa greip bankinn eitt sinn inn á markað í apríl, en 14. apríl keypti hann 20 milljónir evra. Alls keypti Seðlabankinn því 32 milljónir evra (4,6 ma.kr.) í apríl.



Síðasta dagsetning um inngrip SÍ er 28. apríl 2025.

Heimild: Seðlabanki Íslands

Útgáfur Greiningardeildar í apríl

10. apríl: Hagsjá: Spáum 4% verðbólgu í apríl

16. apríl: Hagsjá: Óljósar horfur í ferðapjónustu vegna sviptinga í alþjóðasamskiptum

22. apríl: Hagsjá: Horfur á hófstílltum hækkunum á íbúðaverði

28. apríl: Hagsjá: Versnandi efnahagshorfur í heiminum að mati AGS

29. apríl: Hagsjá: Verðbólga yfir væntingum og mælist 4,2%

Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit).